

- 9 APR 2018

~~8 APR 2018~~

Málsnr.: 2017081177
Skjalasafn Mosfellsbæjar -- Kjarna

Mosfellsbær
b.t. Haraldar Sverrissonar bæjarstjóra og Heiðars Arnar Stefánssonar lögmanns
Þverholti 2
270 Garðabæ

9 APR 2018
Bréfalykill: 2.70

Mosfellsbæ, 9. apríl 2018

Efni: Fyrirspurn vegna deiliskipulagsbreytinga við Gerplustræti 1-5.

Með bréfi eigenda íbúða í Ástu-Sólliljugötu 1-7 (ÁS), dags. 6. júlí 2017 var lögð fram sáttatillaga til bæjarins vegna þegar tilkominna deiliskipulagsbreytinga og vegna væntanlegra (og í raun óumflýjandi) deiliskipulagsbreytinga á Gerplustræti 1-5 (GS1-5).

Í bréfinu var lögð fram sáttatillaga þess efnis að bærinn greiddi eigendum íbúða peningagreiðslu gegn því að fallið yrði frá öllum frekari kröfum á hendur bænum. Þá var einnig óskað eftir afstöðu til skaðabótaskyldu bæjarins vegna framkvæmda við Gerplustræti 1-5.

N.t.t. snérist málið um þegar tilkomnar deiliskipulagsbreytingar sem fólu það m.a. annars í sér að GS1-5 var hærri en fyrirhugað var, íbúðum var fjölgað og þá var gerð athugasemd við að blokkinn væri 4 hæðir en ekki 3 eins og deiliskipulag gerði ráð fyrir. Mannvirkjastofnun staðfesti síðar túlkun íbúa ÁS. Hins vegar snérist málið einnig um fyrirhugaða og að því er öllum virðist, óumflýjanlega, tilfærslu á innkeyrslu á bílastæði GS1-5.

Engin svör bárust við erindi okkar íbúa fyrst um sinn. Hinn 1. september sl. birti Morgunblaðið frétt um málið. Við ritum fréttarinnar var talað við Harald Sverrisson bæjarstjóra sem sagði að bæjarlögmanni hefði verið falið að ræða við íbúa með það fyrir augum að fá dómkvadda matsmenn til að meta hvort um tjón fyrir eigendur íbúða hefði verið að ræða. Jafnframt að ef það væri raunin yrði komið til móts við eigendur íbúðanna.


Íbúar náðu sambandi í tvö skipti við fyrrum bæjarlögmann, Sigurð Snædal Júlíusson, sem sagði að málið væri í ferli. Hugmyndin væri að bærinn kæmi að máliu sem matsbeiðandi og yrði skipaður einn óvilhallur, óháður matsmaður til að meta mögulegt tjón. Hins væri væri þetta óstaðfest og ekki hefði verið tekin bindandi endanleg ákvörðun um slíkt af hálfu bæjarins. Þá var einnig talað um að nýuppkomnar deilur verktakans sem byggði GS1-5 við bæinn tefði málið.

Umræddur bæjarlögmaður er ekki lengur að störfum. Haft var samband við nýráðinn bæjarlögmann sem talaði um að málið væri í farvegi.

Við eigendur íbúða ÁS höfum nú beðið í mjög langan tíma eftir svörum frá bænum vegna þessa máls. Erum við orðin langþreytt á hve seint málið þokast og hversu lítið er um svör.

Krefjumst við af þeim sökum skýrra svara frá Mosfellsbæ innan 10 daga frá móttöku bréfs þessa, sem skýra réttarstöðu okkar. Að öðrum kosti sjáum við ekki aðra stöðu færa en að leita réttar okkar með öðrum hætti.

Mosfellsbæ, 6. apríl 2018


Guðmundur Njáll Guðmundsson, hdl.
Kt. 120674-4139

f.h. íbúa Ástu-Sólliljugötu 1-7,
Guðmundur Njáll Guðmundsson formaður húsfélags

Ath. Svar óskast sent á Ástu-Sólliljugötu 5 og eða á gudmundur@lva.is og eða í 6638698.